



Verkefnastjóri í upplýsingatækni og öryggismálum

Upphaf starfs:	Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.
Starfshlutfall:	100% starfshlutfall.
Starfssvið:	Starfsmaður hefur yfirumsjón með upplýsingatækni- og öryggismálum sveitarfélagsins. Sér um fræðslu og ráðgjöf til notenda og starfsmanna. Sér um samskipti við þjónustuaðila á sviði upplýsingatækni. Skipulagning og þarfagreining á viðhaldi og endurnýjun tölvubúnaðar og upplýsingakerfa. Gerð og framfylgni áhættumats á sviði upplýsingatækni og vinnuverndar. Framfylgir og endurskoðar stefnu í öryggismálum.
Menntunarkröfur:	Menntun sem nýtist í starfi eða töluverð reynsla af sambærilegu starfi. Gerð er krafa um bílpróf.
Hæfniskröfur:	Leitað er að einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfni. Góð tölvukunnátta og þekking á virkni tölvukerfa er skilyrði (t.d. Office 365, Navision, H3 o.s.frv.) Brennandi áhugi á öryggismálum, bæði í upplýsingatækni og vinnuvernd er skilyrði. Reynsla á báðum sviðum er æskileg. Umsækjandi þarf að vera tilbúinn til að tileinka sér nýjar hugmyndir, hafa metnað í starfi, vera jákvæður og sýna af sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð sem og frumkvæði. Hreint sakavottorð.
Vinnutími:	Dagvinna.
Launakjör:	Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Umsóknarfrestur:	Er framlengdur til og með 23. júní 2019.
Nánari upplýsingar:	Sigfús Ólafur Guðmundsson, verkefnastjóri, í síma 455 6170 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið sigfusolafur@skagafjordur.is .
Umsóknir:	Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Afrit af prófskírteinum þurfa að fylgja umsókn. Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is (laus störf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Konur, sem og karlar, eru hvattar til að sækja um.